

Föstudaginn 25. janúar 1935.

Nr. 61/1934. **Ingveldur Einarsdóttir**
 gegn
Magnúsi Guðmundssyni

Úrskurður hæstaréttar.

Stefndi mætti í máli þessu, þegar það var þingfest, en eftir að því hefir verið frestað, hefir hann ekki mætt, og hefir það því verið ílutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Í bréfi Laufeyjar Valdimarsdóttur frá 18. nóv. 1933, sem lagt hefir verið fram í málinu, er það haft eftir frú Guðnýju S. Guðmundsdóttur frá Bildudal, fósturu áfrýjanda, að Guðný hafi á tíma-bilinu frá 9.—18. nóv. 1933 átt tal við stefnda um kynni hans við áfrýjanda, og hafi stefndi fyrst neit-að því, að hann þekkti áfrýjanda, en þegar lengra kom í samtalinu, þá hafi hann sagt, að það (þ. e. barnsburður áfrýjanda) kæmi ekki heim við þann tíma, sem hann hafi verið með henni, og hafi hann orðið margsaga um kynni þeirra. Enda þótt héraðs-dómaranum bæri samkvæmt 12. gr. laga nr. 46/1921 að leita allra fáanlegra upplýsinga um málið, hefir hann ekki hlutast til um það, að Guðný gæfi skýrslu fyrir dómi um þetta viðtal sitt við stefnda. Með því að skýrsla hennar virðist munu geta skipt máli, ef hún reynist rétt eftir höfð og verður staðfest fyrir dómi, þykir rétt að fresta dómsuppsögu í málinu og skylda héraðsdómarann til að hlutast til um það, að skýrsla verði tekin af frú Guðnýju S. Guðmunds-dóttur á Bildudal um áðurnefnt viðtal hennar við stefnda í nóvembermánuði 1933 og að útvegaðar

verði aðrar þær upplýsingar, er skýrsla hennar kann að gefa tilefni til að aflað sé.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Héraðsdómaranum ber að hlutast til um það, að framannefnd skýrsla verði tekin af frú Guðnýju S. Guðmundsdóttur fyrir dómi svo fljótt sem unnt verður og að útvegaðar verði aðrar þær upplýsingar, er skýrsla hennar kann að gefa tilefni til að aflað sé.

Föstudaginn 25. jan. 1935.

Nr. 144/1934. Lárus Fjeldsted, Georg Ólafsson og Sveinn M. Sveinsson
(Lárus Fjeldsted)
gegn

Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs (Einar B. Guðmundsson).

Sýknað af kröfu um greiðslu viðbótarskatts.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 25. apríl 1934: Stefnir Lárus Fjeldsted, Georg Ólafsson og Sveinn M. Sveinsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn, stefnandanum, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, kr. 12949.31 ásamt 5% ársvöxtum frá 27. nóvember 1933 til greiðsludags og málskostnað með 300 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa krafizt þess, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda, og að hann verði dæmdur